

# SAMÞYKKTIR OG REGLUR UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ

Í gildi frá 1. september 2017

---

## 1. UM SJÓÐINN, MARKMIÐ OG SJÓÐSSTJÓRN

### 1.1 Um sjóðinn

Sjóðurinn heitir Vonarsjóður FG og SÍ og er starfsþróunarsjóður Félags grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ). Starfsemi sjóðsins byggir á ákvæðum kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (KÍ), vegna FG og SÍ, hér eftir nefndir samningsaðilar. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 1.2 Markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna FG og SÍ til faglegrar starfsþróunar. Með faglegri starfsþróun er átt við að félagsmenn viðhaldi og auki sérfræðipekkingu sína á sviði náms og kennslu.

### 1.3 Stjórn sjóðsins

Stjórn Vonarsjóðs FG og SÍ fer með stjórn sjóðsins. Hún skal skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir af Félagi grunnskólakennara og einn af Skólastjórafélagi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga varamenn frá sömu aðilum. FG og SÍ skipta með sér formannsembættinu til fjögurra ára í senn.

Ákvörðun stjórnar telst lögmat ef meirihluti stjórnarmanna greiðir henni atkvæði. Sjóðsstjórn skal halda fundargerðir.

Stjórn sjóðsins kemur að jafnaði saman annan hvern mánuð.

## 2. AÐILD AÐ SJÓÐNUM OG RÉTTUR FÉLAGSMANNA

### 2.1 Aðild að sjóðnum

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn FG og SÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn á grundvelli kjarasamnings fyrrgreindra aðila.

### 2.2 Réttur til úthlutunar

Vinnuveitandi þarf að hafa greitt iðgjald í sjóðinn mánaðarlega í a.m.k. sex samfellda mánuði til þess að félagsmenn öðlist rétt til úthlutunar.

Heimilt er að sækja um styrk allt að sex mánuði aftur í tímann frá upphafi styrkhæfs verkefnis að því gefnu að til kostnaðar hafi verið stofnað á meðan greitt var í sjóðinn sbr. gr. 2.1. Öll tilskilin gögn þurfa að hafa borist innan þess tíma.

### 2.3 Fæðingarorlof

Samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof njóta félagsmenn í fæðingarorlofi óskertra réttinda úr sjóðnum, enda renni mánaðarlegt framlag launagreiðanda til sjóðsins.

### 2.4 Launuð leyfi

Félagsmenn sem viðhalda félagsréttindum sínum í FG eða SÍ njóta óskertra réttinda í launuðum leyfum enda renni mánaðarlegt framlag launagreiðanda til sjóðsins.

## SAMÞYKKTIR OG REGLUR UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ

Í gildi frá 1. september 2017

---

### 2.5 Launalaust leyfi

Félagsmenn sem fara í launalaust leyfi geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FG eða SÍ.

### 2.6 Atvinnuleysi

Félagsmenn sem eru atvinnulausir geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FG eða SÍ og mánaðarlegt framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs renni til Vonarsjóðs FG og SÍ.

### 2.7 Veikindi

Félagsmenn halda réttindum sínum í sjóðnum fyrir það tímabil sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði KÍ.

### 2.8 Starfslok félagsmanna

Við starfslok félagsmanna fellur réttur til styrks úr sjóðnum niður, eða um leið og félagsmaður er ekki lengur í félagaskrá FG eða SÍ. Hafi félagsmaður nýtt grein 3.1 staflið a eða b fyrir starfslok getur hann framvísað kvittunum í 12 mánuði í samræmi við grein 4.5.

## 3. STYRKHÆF VERKEFNI OG STYRKFJÁRHÆÐ

### 3.1 Hvað er styrkt?

#### a. *Starfsmenntunarstyrkur*

Styrkur til félagsmanna til að sækja námskeið innanlands eða utan og til ákveðinna verkefna sem teljast til starfsþróunar þeirra s.s. framhaldsnáms á háskólastigi vegna lokinna ECTS eininga og skráningar-/skólagjalda, námskeiða, ráðstefna, málþinga og skipulagðra skólaheimsókna eða kynnisferða. Með skipulagðri skólaheimsókn eða kynnisferð er átt við að staðfest tímasett dagskrá frá skipuleggjanda/móttökuaðila og staðfesting um þátttöku frá móttökuaðila liggi fyrir og standi yfir í a.m.k. einn dag, að lámarki 6 klukkutíma. Ferða- og gistikostnaður er jafnframt styrktur. Sjóðurinn greiðir fyrir gistinætur sem sannanlega varða ferðina (námskeið, ráðstefnu, málþing, skólaheimsókn/kynnisferð) auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til s.s. vegna ferðatilhögunar.

**Tómstundastarf og líkamsrækt félagsmanna er ekki styrkt.**

#### b. *Styrkur vegna ECTS háskólaeininga*

Styrkur vegna lokinna ECTS eininga að hámarki 120 ECTS einingar einu sinni á starfsferlinum.

Pegar félagsmaður hefur fullnýtt ECTS einingar úr b-hluta getur hann sótt um styrk vegna lokinna ECTS eininga úr a-hluta.

## SAMÞYKKTIR OG REGLUR UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ

Í gildi frá 1. september 2017

---

### 3.2 Styrkfjárhæð

Styrkfjárhæðir eru endurskoðaðar af sjóðsstjórn a.m.k. árlega og lagðar fram til staðfestingar hjá samningsaðilum. Upplýsingar um styrkfjárhæðir er að finna í fylgiskjali með samþykktum og reglum um Vonarsjóð FG og SÍ.

Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum/staðfestingum.

## 4. AFGREIÐSLA UMSÓKNA OG FRAMKVÆMD STYRKVEITINGA

### 4.1 Afgreiðsla umsókna

Starfsmenn sjóðsins afgreiða umsóknir samkvæmt samþykktum og reglum þessum og í samræmi við ákvarðanir sjóðsstjórnar þegar fullnægjandi gögn hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins sker úr um vafaatriði um styrkhæfi umsókna.

Félagsmenn fá tilkynningu með tölvupósti þegar umsókn hefur verið móttekin.

### 4.2 Umsóknir

Umsóknum skal skila til sjóðsins með rafrænum hætti í gegnum þjónustugáttina *Mínar síður* á heimasíðu KÍ, [www.ki.is](http://www.ki.is).

### 4.3 Frágangur umsókna

Vanda skal frágangur umsókna, rökstyðja hvernig styrkurinn nýtist til faglegrar starfsþróunar og auki sérfræðipækkingu félagsmanna á sviði náms og kennslu. Einnig þarf að tilgreina hvernig styrknum verði varið. Ófullnægjandi umsóknum er hafnað.

### 4.4 Við mat á umsóknum

Meta skal umsóknir með hliðsjón af verkefnum sem teljast til faglegrar starfsþróunar félagsmanna og nýtast þeim í starfi s.s. framhaldsnáms á háskólastigi, námskeiða, ráðstefna, málþinga og skipulagðra tímasettra skólaheimsókna eða kynnisferða.

Stjórn sjóðsins metur og tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu ef efasemdir eru um tengsl náms og starfs félagsmanna við ákveðin verkefni sem sótt er um styrk vegna. Rísi upp ágreiningur um tengsl náms og starfs félagsmanna getur sjóðsstjórn óskað eftir staðfestingu frá þar til bærum aðilum.

### 4.5 Greiðslur

Styrkir eru greiddir út í einu lagi samkvæmt framvísun kvittana fyrir kostnaði, staðfestingu um tímasetta dagskrá, þátttöku og/eða lokinna ECTS eininga. Kvittanir mega ekki vera eldri en tólf mánaða og ECTS einingar ekki eldri en tólf mánaða frá því að námsáfangi lýkur.

Umsækjandi ber ábyrgð á að skila inn tilskildum gögnum til sjóðsins. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til þess að óska eftir frumritum reikninga.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út eins fljótt og auðið er. Forsenda greiðslu er að starfsmaður eða stjórn sjóðsins hafi samþykkt umsókn og að greiðslustaðfesting og umbeðin gögn séu móttekin.

# SAMÞYKKTIR OG REGLUR UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ

Í gildi frá 1. september 2017

---

## 4.6 Greiðsla styrkja

Styrkir vegna námskeiða, ráðstefna og málþinga eru afgreiddir skv. framvísun kvittana fyrir kostnaði sem og/eða staðfestingu um þátttöku og dagskrá/námskeiðs-lýsingu.

Styrkir vegna skipulagðra skólaheimsóknna og kynnisferða eru afgreiddir skv. framvísun kvittana fyrir kostnaði ásamt tímasettri dagskrá og staðfestingu um þátttöku frá móttökuaðila. Styrkir vegna framhaldsnáms á háskólastigi eru greiddir út skv. framvísun greiðslu skráningargjalda og vottorðs skóla um loknar ECTS einingar.

Styrkir vegna ferðastyrks innanlands eru greiddir út samkvæmt framvísun greiðslukvittana s.s. vegna flugfargjalds, rútufargjalds og bensínkostnaðar.

## 4.7 Tilkynning um greiðslu styrks

Þegar styrkur hefur verið greiddur er afgreiðslan tilkynnt félagsmanni með tölvupósti.

## 4.8 Fyrning styrkveitinga

Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun stjórnar fyrnist ef félagsmenn hafa ekki skilað umbeðnum gögnum (s.s. reikningum og staðfestingum) innan 6 mánaða sbr. grein 2.2.

## 4.9 Vangreiðsla eða ofgreiðsla styrks

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta mistökin eins fljótt og hægt er. Ef félagsmenn hafa fengið ofgreidda styrkupphæð ber þeim að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða þegar í stað.

## 5. TEKJUR SJÓÐSINS

### 5.1 Framlag vinnuveitanda

Framlag vinnuveitanda til sjóðsins nemur 1,72% og er greitt ofan á föst dagvinnulaun félagsmanna FG og SÍ, samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna FG og SÍ.

### 5.2 Vaxtatekjur

Sjóðurinn er ávaxtaður á þann hátt sem fjárvörsluráð KÍ telur hagkvæmastan á hverjum tíma.

## 6. REKSTUR SJÓÐSINS OG ENDURSKOÐUN

### 6.1 Þjónustusamningur

KÍ annast rekstur sjóðsins og varðveitir. Gerður er þjónustusamningur á milli stjórnar Vonarsjóðs FG og SÍ og KÍ.

### 6.2 Ársreikningur

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu áritaðir af stjórn sjóðsins og birtir opinberlega.

## SAMÞYKKTIR OG REGLUR UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ

Í gildi frá 1. september 2017

---

### 6.3 Upplýsingar til skattfirvalda

Í byrjun árs eru sendar upplýsingar til skattfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkuppþæðum næstliðins árs. Félagsmenn bera ábyrgð á því að varðveita frumrit reiknings vegna þess kostnaðar sem styrkur hefur fengist fyrir og afhenda skattfirvöldum sé þess óskað.

## 7. SKÝRSLA OG SAMRÁÐSFUNDUR STJÓRNAR MEÐ SAMNINGS- AÐILUM

### 7.1 Skýrsla stjórnar

Árlega skal stjórn sjóðsins leggja fram skýrslu um starfsemi og stöðu sjóðsins fyrir lok apríl ár hvert.

### 7.2 Samráðsfundur sjóðsstjórnar og samningsaðila

Stjórn sjóðsins skal funda árlega með fulltrúum samningsaðila þar sem farið er yfir framkvæmd og rekstur sjóðsins.

## 8. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM OG REGLUM UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ, SLIT OG GILDISTAKA

### 8.1 Breytingar á samþykktum og reglum um Vonarsjóð FG og SÍ

Tillögur samningsaðila um breytingar á samþykktum og reglum þessum má því aðeins taka fyrir að þær hafi borist stjórn sjóðsins til kynningar þremur vikum fyrir árlegan samráðsfund. Enn fremur skal stjórn sjóðsins minnst þremur vikum fyrir samráðsfund senda samningsaðilum tillögur um breytingar á samþykktum og reglum sjóðsins.

Miði tillaga að breytingum sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu styrkja skal fylgja úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins.

Samningsaðilar taka ákvarðanir um breytingar á samþykktum og reglum þessum að undangenginni kynningu til stjórnar Vonarsjóðs FG og SÍ.

### 8.2 Gildistaka breytinga

Breytingar á samþykktum og reglum þessum verða ekki gerðar nema að undangengnu samþykki og staðfestingu stjórnar aðildarfélaga FG og SÍ og samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Breytingar sem mælt er með skulu samþykktar af samstarfsnefndum aðila.

### 8.3 Slit á sjóðnum

Ákvörðun um slit á sjóðnum er í höndum félagsmanna og þarf að lágmarki 75% atkvæða félagsmanna, að undangenginni atkvæðagreiðslu, til að ákvarða slit. Niðurstaðan skal kynnt á samráðsfundi. Ákvörðun um slit skal alltaf hljóta samþykki samstarfsnefnda aðila.

### 8.4 Skipting eigna og ráðstöfun fjármuna við slit á sjóðnum

Að lokinni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FG og SÍ um slit sjóðsins skal ráðstöfun eigna annarra en fjármuna fara fram með þeim hætti að eignir renna til verkefna eða nýrra sjóða sem

## **SAMÞYKKTIR OG REGLUR UM VONARSJÓÐ FG OG SÍ**

Í gildi frá 1. september 2017

---

kunna að verða stofnaðir á vegum FG og SÍ. Skulu eignir þá skiptast með jöfnum hætti að undangengnu verðmati þriðja aðila. Við slit ráðstafar stjórn fjármunum sem til eru í sjóðnum í samræmi við tilgang hans, að teknu tilliti til greiðslu skulda og reksturs, með þeim hætti að fjármunir gangi til félagsmanna eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar þar til sjóðurinn telst að fullu tæmdur.

### **9. GILDISTAKA**

Samþykktir og reglur þessar taka gildi þann 2. maí 2016 að fenginni staðfestingu samningsaðila.

Samþykkt samhljóða á 23. fundi samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands þann 29. október 2015 og 50. fundi samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara þann 29. október 2015.

Breytingar á samþykktum og reglum eins og þær voru afgreiddar á fundi aðila 29. október 2015 voru samþykktar í samstarfsnefndum FG og SÍ 22. mars 2016.

Breytingar á samþykktum og reglum eins og þær voru afgreiddar á fundi samstarfsnefnda FG og SÍ aðila 9. október 2016 og 8. júní 2017.